

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 24. nóvember 2015 kl. 10.30-12.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Jón Torfi Jónasson, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir. Ársæll Guðmundsson var lasinn.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Umræðuefni

- Fagráðsfundur 26. nóvember nk.
- Önnur mál

Næsti fagráðsfundur – 26. 11.

Rætt um **dagskrá** fundarins sem er eitthvað á þessa leið:

1) kynning og umræða um störf fagráðsins

Sérstaklega verði sagt frá störfum vinnuhóps um þarfir og vinnuhóps um kennaramenntun. Farið verði yfir vinnu fagráðsins á lokasprettinum sem framundan er.

2) umfjöllun um stefnu fagráðsins

Sólrún var komin lengra með vinnuþlaggið sem lagt var fram á síðasta fundi. Fólki leist vel á það sem umræðugrunn. Í tengslum við skjalið var talað um að við þyrftum að gera okkur almennilega grein fyrir hvaða breytingar nákvæmlega er verið að leggja til. Einnig rætt um ólíka sýn hagsmunaaðila á hlutina. Rætt um að megintillögurnar fjalli um a) skilgreiningu og skilning okkar á hugtakinu starfsþróun, b) stoðkerfi og c) fjármagn. Til viðbótar var einnig bent á d) ábyrgð og skyldur. Niðurstaða af tillögnum er svo að leggja til að fagráð verði starfrækt áfram (b).

Rætt um ágreiningsefni og ólíka hagsmuni. Talað um að ólíkir hagsmunir þurfi ekki að vera andstæður heldur geti útkoman verið jákvæð í ljósi samlegðar. Ekki þykir æskilegt að draga of mikið fram ágreiningsefni.

Talað um að í norrænu samhengi værum við nokkuð vel sett þegar kemur að starfsþróun og tíma sem ætlaður er til hennar. Það sem skortir á er kerfi sem hjálpar kennurum og skólum að nýta tækifærin sem í þessu felast. Vinna þyrfti markvissara með símenntunaráætlanir.

Í tillöguplagginu voru tillögur settar fram undir ákveðnum yfirskriftum. Ákveðið var að flokka þær í a (starfsþróun), b (stoðkerfi) og c (fjármagn), sbr. flokkunina hér að framan. Fundarmönnum yrði skipt í þrjá hópa þar sem hver hópur fengi tækifæri til að fjalla um allar tillögurnar en legði þó sérstaklega áherslu á a, b eða c.

1. STEFNA / FRAMTÍÐARSÝN A
2. KENNARAMENNTUN – ÆVIMENNTUN - A
3. SAMFÉLAGS- OG TÆKNIBREYTINGAR – AB
4. STARF KENNARA - AB
5. RANNSÓKNIR OG SKÓLAÞRÓUN - AB

6. ÍMYNDARUPPBYGGING - B
7. ÓLÍKAR ÞARFIR OG AÐSTÆÐUR B
8. FJÁRMAGN OG FARVEGIR ÞESS - C
9. HVATI / UMBUN - BC
10. AÐILAR FAGRÁÐS - B
11. FAGRÁÐIÐ - B

Önnur mál

Ítrekað var að Sólrún og Sigurjón myndu setja niður skýrslu til ráðherra í framhaldi af fagráðsfundinum. Þar komi fram einarður vilji til að fagráðið starfi áfram.

Sólrún Harðardóttir tók punkta